

Nd. **196. Frumvarp til laga**
um Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Ríkið heldur uppi heimavistarskóla, er hefur það hlutverk að veita konum fræðslu til að verða vel menntar hjúkrunarkonur, Hjúkrunarkvinnaskóla Íslands.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur á hendi fjárreiður skólans. Að öðru leyti annast stjórn skólans undir yfirstjórn ráðherra fimm manna skólanefnd. Í nefndinni eiga sæti: landlæknir, sem er formaður nefndarinnar, yfirhjúkrunarkona Landsspítalans og þrír aðrir, er ráðherra skipar, einn samkvæmt tillögu Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, annan samkvæmt tillögu þeirra sjúkrahúsa, annarra en Landsspítalans, þar sem nemendur skólans eru að jafnaði vistaðir til verklegs náms, og hinn þriðja, er sé sérfróður um skóla- og uppeldismál.

3. gr.

Forstöðu skólans hefur á hendi sérmenntuð skólastýra, er ráðherra skipar samkvæmt tillögum skólanefndar. Laun hennar skal ákveða í launalögum. Aðal-kennarar skólans, auk skólastýru, skulu vera yfirhjúkrunarkona og aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans, og skulu stöður þessar skipaðar og launaðar með tilliti til þess.

Til aukakennslu ræður skólanefnd kennara eftir þörfum að fenginni heimild ráðherra til að greiða kennslukaupið.

4. gr.

Námstími skólans er þrjú ár, auk 8—12 vikna forskóla, og skal eigi síðar en að honum loknum skorið úr því, hvort nemandi teljist hæfur til að hefja hjúkrunar-nám. Eigi síðar en eftir 6 vikna reynslutíma skal skorið úr því af skólanefnd eftir tillögum skólastýru, hvort nemandi er hæfur til að halda námi áfram.

Námið er bæði bóklegt og verklegt. Bóklega námið fer fram í skólanum, en hið verklega í sambandi við hjúkrunarstörf á Landsspítalanum og öðrum sjúkrahúsum, þar sem nemendur verða vistaðir til starfa á vegum skólanefndar.

Að öðru leyti fer um inntökuskilyrði, almennar skólareglur, tilhögun kennslunnar, próf og einkunnir eftir ákvæðum í reglugerð skólans, er skólanefnd semur og ráðherra staðfestir.

5. gr.

Skólavistina skal veita nemendum ókeypis að forskólanámi loknu. Forskólá-nemendur greiði sérstakt skólagjald, er ráðherra ákveður eftir tillögum skóla-nefndar. Um kaup fyrir hjúkrunarstörf í sambandi við námið fer eftir því, sem um semst milli skólanefndar og hlutaðeigandi sjúkrahúsa.

6. gr.

Í reglugerð skólans má setja reglur um allt að eins árs almennt framhalds-nám hjúkrunarkvenna, svo og 2—3 ára sérnám í ýmsum hjúkrunargreinum (geð-veikrahjúkrun, barnahjúkrun, skurðstofuhjúkrun, röntgenstörf, heilsuvernd o. s. frv.), jafnframt því sem kveðið verður á um skilyrði fyrir viðurkenningu skóla-nefndar fyrir slíku almennu framhaldsnámi og sérnámi.

7. gr.

Í reglugerð skólans má ákveða, að skólinn haldi uppi sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, þ. á m. fyrir ljósmæður, í því skyni að gera þær hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum ásamt ljósmóðurstörfum.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi þau ákvæði laga nr. 13 23. júní 1932, um ljósmæðra- og hjúkrunarkvennaskóla Íslands, er varða sérstaklega hjúkrunarkvennaskóla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Landlæknir hefur samið frumvarp þetta og gerir fyrir því eftirfarandi grein: Hins almenna skorts kvenna til nýtjastarfa hér á landi gætir meðal annars í því, að til vandræða horfir um rekstur sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana fyrir vöntun hjúkrunarkvenna. Samfara þessu dregur iskyggilega úr aðsókn að hinum eina hjúkrunarkvennaskóla hér á landi, Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, sem rekinn er í sambandi við Landsspítalann. Þer brýna nauðsyn til að glæða þá aðsókn, en til þess þykir fyrst og fremst verða að búa betur að skólanum, sem hingað til hefur búið við vanefni og litla rækt, treysta skipulag hans, sjá honum fyrir forstöðu, er hafi það að aðalstarfi að sinna skólanum og þörfum hans, efla kennaraþið hans að öðru leyti, en búa nemendunum skólaheimili, er sé bæði aðlaðandi og til þess fallið að móta nemendurna í þeim anda, er hæfi hjúkrunarkvennastétt, sem úrvalskonum verði keppikefli að teljast til.

Eins og auðskilið er um starfsstétt kvenna, verður hjúkrunarkvennastéttin fyrir ólíkt meiri vanhöldum en samsvarandi stéttir karla. Eftirfarandi yfirlit um íslenzku hjúkrunarkvennastéttina, sem er lítið meira en 20 ára gömul, er glöggt til frásagnar um þetta:

Hjúkrunarkonur í Félagi íslenzkra hjúkrunarkvenna 1. janúar 1944 196.	
Hjúkrunarkonur starfandi í sjúkrahúsum og hælum í Reykjavík og nágrenni	63
— — í sjúkrahúsum og hælum úti um land	19
— — að heilsuverndarstörfum o. þ. h. í Reykjavík	16
— — að heilsuverndarstörfum o. þ. h. utan Reykjavíkur	5
— — á Norðurlöndum (að líkindum við hjúkrunarstörf)	7
— — í Ameríku við hjúkrunarstörf og framhaldsnám ..	8
— frá störfum vegna veikinda eða annarra forfalla	11
— giftar hér á landi	60
— giftar erlendis	7
	<hr/>
	Alls 196

Auðskilið er, að vegna þessara eðlilegu vanhalda verður að tryggja því betur öra aðsókn að hjúkrunarnáminu.

Jafnframt því sem beint hefur verið til Alþingis erindi um fjárframlög til sérstakrar byggingar handa hjúkrunarkvennaskólanum, sem er hans brýnasta nauðsyn, er farið fram á þá skipulagsbreytingu á rekstri hans, sem felst í þessu frumvarpi. Er frumvarpið samið í samráði við formann Félags íslenzkra hjúkrunarkvenna, forstöðukonu Landsspítalans, sem jafnframt veitir skólanum forstöðu, og aðalkennslukonu skólans. Er enginn ágreiningur milli þessara aðila um efni frumvarpsins.

Hér skal stuttlega rakið, hverjar nýjungar felast í frumvarpinu, en annarra skýringa virðist ekki þörf.

1. Skólinn er nefndur heimavistaraskóli, en gera verður sér ljóst, að undir því nafni hlýtur hann að kafna, ef honum verður ekki séð fyrir heimavistarhúsi, er fullnægi sómasamlega þörfum hans. Má og gera ráð fyrir, að ákvæði þessara fyrir

- huguðu laga verði að flestu leyti dauður bókstafur, þangað til þessu höfuðskil-
yrði fyrir endurreisn skólans verður fullnægt.
2. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur hingað til annazt rekstur skólans, en eðli-
lega lítt eða ekki látið sig varða annað en fjárreiður hans. Er ætlað til, að hún
hafi þær áfram á hendi, en að öðru leyti séu mál skólans falin sérstakri skóla-
nefnd áhuga- og kunnáttufólks.
 3. Höfuðbreytingin er fólgin í því, að gert er ráð fyrir, að sérstakri sérmenntaðri
kennsluhjúkrunarkonu verði falin forstaða skólans án annarra starfa, enda beri
hún veg og vanda af skólahaldinu undir eftirliti skólanefndar. Ekki er þessu ætlað
að auka mannahald, frá því sem nú er, því að síðast liðin tvö ár hefur forstöðu-
konu Landsspítalans verið fengin til aðstoðar skólans vegna sérstök kennslu-
hjúkrunarkona.
 4. Kennsla lækna við skólann hefur hingað til verið á hálfgerðum hriflingabjörg-
um, með því að vefengja hefur mátt skyldur hlutaðeigandi lækna til að hafa hana
á hendi. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að aðalaðstoðarlæknar Landsspítalans séu
hér eftir beinlínis ráðnir til starfa sinna, að því tilskildu, að þeir hafi hjúkrunar-
kvennakennsluna á hendi, hver í sinni grein, enda séu stöðunum ákveðin laun
með tilliti til þess.
 5. Heimildin til forskólahalds til undirbúnings sjálfu hjúkrunarnáminu er augin
úr allt að 6 vikna námstíma upp í 8—12 vikna námstíma. Þykir reynsla benda
til, að rækilegt forskólanám verði nemendunum happadrjúgt, jafnframt því sem
störf þeirra verði sjúkrahúsunum notadrýgri þegar frá upphafi, er þeir hefja
þau ekki fyrr en þeir hafa lært rækilega öll algengustu hjúkrunarhandbrögð.
Sjálft hjúkrunarnámið er ekki lengt, og ákvæði um kjör og tilhögun verklegs
náms á sjúkrahúsunum eru óbreytt.
 6. Nýmæli eru ákvæði um viðurkenningu fyrir sérnámi hjúkrunarkvenna.
 7. Það er og nýmæli, að gert er ráð fyrir því, að skólinn haldi uppi, auk fullkom-
innar fræðslu hjúkrunarkvenna, ýmsum sérnámskeiðum í hjúkrunarfræðum, og
koma þar m. a. til greina heimahjúkrunarnámskeið við hæfi húsmæðra, e. t. v.
í sambandi við húsmæðrafræðsluna, auk þess sem opnuð er leið til þess, að ljós-
mæður eigi þess kost að kynnast svo hjúkrunarstörfum, að þær verði viðunandi
hæfar til að taka að sér heimahjúkrun í umdæmum sínum, en sameining ljós-
mæðra- og hjúkrunarstarfa í strjálbýlum sveitaumdæmum virðist eina leiðin til
þess, að ljósmæðrum á slíkum stöðum verði séð fyrir þeim verkefnum, er þær
geti unað við og unnt sé að launa svo, að lifað verði af.
Frumvarpið hefur verið borið undir yfirlækna Landsspítalans, og hafa þeir ekk-
ert við það að athuga.